

REGLUGERÐ

um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2023 samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

1. gr.

Fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 3. mgr. 11. gr. skal nema 1.003.004 kr. á mánuði.
- b. Greiðsla til foreldris í námi skv. 14. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., skal nema 281.335 kr. á mánuði.
- c. Grunngreiðsla skv. 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., skal nema 281.335 kr. á mánuði.
- d. Barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 41.392 kr. á mánuði.
- e. Sérstakar barnagreiðslur skv. 2. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 11.984 kr. á mánuði vegna tveggja barna og 31.156 kr. á mánuði vegna þriggja barna.
- f. Frítekjumark skv. 2. mgr. 22. gr. skal vera 96.951 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1652/2021, um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2022 samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 20. desember 2022.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.